

**Ed.**

**562. Nefndarálit**

[127. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Sami háttur hefur verið hafður á við afgreiðslu frumvarpsins og verið hefur á undanförunum árum. Til þess að flýta fyrir afgreiðslu frumvarpsins og til að tryggja, að samræmis gæti um afgreiðslu milli deilda, var þingmönnum úr allsherjarnefnd hvorrar þingdeildar ásamt skrifstofustjóra Alþingis falið að athuga frv. og umsóknir, er því fylgdu, og umsóknir um ríkisborgararétt, er síðar bárust nefndinni.

Að athugunum þessum loknum var nefndin sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem hún flytur tillögu um á sérstöku þingskjali.

Reglur þær, sem allsherjarnefndir beggja deilda settu í nefndaráliti 17. maí 1955 og síðan hafa verið gerðar nokkru fyllri, síðast í nefndaráliti 460 frá 29. marz 1968, hafði nefndin einnig nú til hliðsjónar við athuganir sínar.

Alþingi, 14. apríl 1970.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Sveinn Guðmundsson, fundaskr.	Auður Auðuns.
Björn Fr. Björnsson.	Kristján Thorlacius. Ólafur Björnsson.	Karl Guðjónsson.